

Kvistabær – María E. Ingvadóttir

Kolviður, þriðjudaginn 12. okt. 2021, kl. 11 til 13.

Kolviður, Ársfundur 2021

Kvistabær – plöntuframleiðsla – möguleikar

Komið þið sæl og takk fyrir boðið að koma á þennan fund.

Ég kem frá Skógarmiðstöðinni Kvistabæ, en í byrjun þessa árs tókum við, 7 manns við rekstri Kvista, sem í 20 ár framleiddi skógarplöntur af miklum myndarskap.

Við breyttum nafninu í Kvistabæ og höfum á þessu ári verið að kynna rekstrinum, framleiðslunni og ég held að segja megji að margt hafi komið á óvart.

Þó að við höfum öll komið að skógrækt með ýmsum hætti, sem skógarbændur og trjáræktendur, þá er að mörgu að hyggja, þegar rækta skal trjáplöntur í stórum stíl, upp í pantanir, flestar nokkuð stórar, þannig að betra er að allt gangi upp, helst veðurfarið líka.

Það koma strax í ljós, að til að ná hagkvæmi í rekstri, yrði að framleiða meira, þannig að farið var í það að panta nýtt gróðurhús frá Frakklandi. Það er komið á staðinn og verið er að vinna jarðvinnu og steypa undirstöður. Við erum að keppa við tímann, en það þarf að loka þessu húsi núna fyrir vetrarbyrjun.

Þau hús sem fyrir eru, eru um 2 þúsund m² að stærð og þar hafa verið framleiddar um 1250 þúsund plöntur.

Nýja húsið eru um 2 þúsund m², þannig að framleiðslan á næsta ári mun tvöfaldast frá því sem nú er, eða verða um 2,6 milljónir plantna.

Á meðan að við erum að fóta okkur í þessum rekstri, munum við aðallega halda okkur við þær tegundir sem eftirsóttastar eru, en stefnum á meiri fjölbreytni, enda held ég að fjölbreytni tegunda muni verða ofarlega á óskalistum margra, einstaklinga sem stærri verkefna. Enda er einsleitnin ekki æskileg.

Ef allt gengur eftir og spám og yfirlýsingum stjórnvalda verður fylgt eftir, mun eftirspurn eftir trjáplöntum aukast jafn og þétt, næstu árin.

Á næsta ári munum við og Sólskógar, stærstu trjáplöntuframleiðendurnir, framleiða um 8 milljónir trjáplantna. Stærsti kaupandinn er Skógræktin, sem kaupir samkvæmt útboði, plöntur fyrir skógræktarverkefni skógarbænda og ýmis landgræðsluverkefni. Samkvæmt Skógræktinni voru gróðursettar um 4,5 milljónir plantna á síðasta ári.

Þar fyrir utan standa sérstök verkefni, félagasamtök og áhugasamir landeigendur sem vilja rækta skóg, án stuðnings frá opinberum aðilum.

Við sjáum að ekki er mikið upp á að hlaupa. Það er stundum erfitt að treysta á að góðum vilja stjórnvalda fylgi framkvæmd. Plöntukaup opinberra aðila eru auðvitað góður grunnur, en það er vissulega góð hvatning að stór fyrirtæki og félög skuli sýna áhuga á plöntukaupum. Á það horfum við. Ef allt gengur eftir eins og nú hefur verið lagt upp með hjá Kvistabæ, kæmi ekki á óvart að pantað yrði annað nýtt hús.

En það er að fleiru að hyggja. Ef fyrirtæki og félög ætla sér að jafna kolefnislosun með trjárækt, þarf að fara rétt að. Að mínu mati er nauðsynlegt að skipuleggja skógrækt og hliðargreinar hennar, ekki seinna en núna. Ytri ramminn sem móta þarf, verður að vera skýr og einfaldur, en um leið að beina allri starfsemi í rétta átt, horfa til framtíðar. Við erum ekki aðeins að rækta meiri skóg, við erum að byggja upp nýja atvinnugrein. Það þarf að vanda sig við efniviðinn, hvaða tegundir eru ræktaðar á einstökum svæðum og hverjar þeirra skila bestum afurðum, bæði kolefnisbindingu og trjávið. Þess vegna skýtur nokkuð skökku við, áherslan á blessað birkið, nema að litið sé á það sem undanfara annarra tegunda. En við vitum að öspin bindur næstum sex sinnum meira en birkið og grenið tæplega fjórum sinnum meira.

Það er ekki endilega svo, að allar reglur þurfi að koma frá ríkinu, einstaklingar og félög fá ráðgjöf um tegundir og umhirðu og oftast er það landeigandinn sem veit best hvað hentar á hans landi. Þeir sem rækta skóg, verða að gera sér grein fyrir ábyrgð sinni, þannig að árangurinn verði sem bestur og í takti við þau markmið sem við setjum okkur, við sem þjóð.

Fyrsti flækjufóturinn er kannski sveitafélögin, en með meiri sameiningu og samstarfi, verður þar kannski meiri fagmennska.

Fyrir nokkrum árum styrkti Félag skógareigenda á Suðurlandi verkefni, sem gekk út á það, að finna leið til að meta kolefnisbindingu í skógi. Á Mógilsá var unnið áfram með þær aðferðir sem hægt væri að notast við, til að reita niður skógarsvæði, telja tegundir og fjölda í hverjum reit og skrá aldur trjáanna.

Á bak við svona úttekt yrði mikil vinna, ekki víst að skógarbóndanum yrði treyst til þessarar úttektar, sem svo viðurkenndur vottunaraðili mundi staðfesta. Þar við situr. Verkefnið er ekki komið lengra.

Það er erfitt að selja, eða jafna á móti losun, kolefnisbindingu sem ekki er vottuð af viðurkenndum fagmönnum. Annað er ljóst, að úttekt og vottun mundi kosta mikið, þannig að ávinningurinn yrði að vera þess virði.

Nú er Skógræktin að koma á samstarfi við erlenda vottunarstöð og að leggja á ráðin með úttektir. En bara vegna nýrra skóga. Þetta nýja kerfi þeirra byrjar með tómt blað. Þetta ferli mun kosta mikið, en bent er á að bindingin kosti enn meira.

Hið opinbera þarf að skipuleggja og móta allt ferlið, faglega og af ábyrgð. Ég hef bent á áður, að á Mógilsá eru margir góðir sérfræðingar, sem gætu leitt og sérhæft sig í annarsvegar úttektum og hins vegar vottun. Sem sagt, stofna sjálfstæðar, faglegar úttektar- og vottunarstöðvar sem gætu einnig þjónað erlendum aðilum. Eða stofnað útibú frá virtri vottunarstöð. Við eigum menntað fólk sem getur komið að þessu starfi.

Annað ættum við að hafa í huga, að við erum ekki að fara í neinn gullgröft með dollaramerki í augum. Við verðum að vanda okkur, gera vel, vinna faglega og fá til þess frelsi. Þess vegna ítreka ég, að hið opinbera búi til ramma og vinni með okkur að því að byggja upp þessa atvinnugrein.

Áhugi fyrirtækja og félagasamtaka, á að kaupa kolefnisbindingu er spennandi og væri betra að þessir aðilar, innlendir sem erlendir, snéru sér til einkaaðila, en ekki til ríkisins, þ.e. Skógræktarinnar. Skógræktin hefur hafið framleiðslu á skógarplöntum í einhverju mæli, til að hafa upp í skógræktarverkefni á ríkisjörðum. Þeir munu væntanlega hætta því þegar framleiðsla annarra framleiðenda mun metta markaðinn.

Eitt er ljóst, það þarf að bregðast við aukinni eftirspurn eftir trjáplöntum og skógræktarlandi. Við skulum gera það vel og faglega og vanda til allra samninga. Það þarf að finna leið til að meta bindingu í eldra skógræktarlandi, eldri skógum sem nýskógrækt. Elstu samningar við skógarbændur eru um 25 til 30 ára gamlir.

Ég mundi vilja vita að hið opinbera væri samstíga okkur í þessu verkefni, sem er að byggja upp nýja, mikilvæga atvinnugrein.

Á næstu árum munu spretta hér upp lítil verktakafyrirtæki sem fara munu um sveitir og setja niður plöntur, grisja og höggva við. Litlar verksmiðjur munu rísa þar sem unnið verður úr timbri. Þetta er mannfrekur atvinnuvegur, ungir

hönnuðir, vinnuvélaeigendur, trésmiðir og flutningafyrirtæki munu taka þátt, fyrir utan skógfræðinga og grisjunarlið. Þar við bætast þjónustuaðilar og markaðsfólk.

Í dag er ódýrara að flytja skipslest af trjákurli frá Kína, en að kaupa grisjunarvið af bændum og kurla á staðnum. Þá er kolefnisbókhaldið ekki tekið með í dæmið.

Ég er bjartsýn á að framleiðsla skógarplantna aukist jafnt og þétt og í takti við eftirspurn. Einstaklingar munu fá áhuga á að nýta jarðir sínar, þegar hefðbundinn landbúnaður dregst saman, annað hvort með kornrækt eða skógrækt.

Við verðum kannski ekki sjálfum okkar nóg með timburafurðir, en með aukinni timburframleiðslu verður meira um nýbyggingar úr timbri og annarri eftirspurn.

Sala plantna til erlendra aðila, leiga á landi undir þá skógrækt og umsjón og eftirlit með þeim verkefnum, getur orðið drjúg atvinnustarfsemi.

Mat og vottun kolefnisbindingar á skógarjörðum, eldri sem nýjum, þarf að vera viðurkennd og eftir viðurkenndum alþjóðlegum stöðlum.

Hið opinbera þarf að taka þátt, með faglegu aðhaldi og stuðningi, ekki síst þegar um er að ræða samtarf og samninga við erlenda aðila.

Ræða þarf, hvort og þá hvernig, viðurkennd kolefnisbinding kemur á mótí kolefnisgjaldi.

Ég veit ekki hvernig samstarf við innlend fyrirtæki og sérstaklega erlend, sem kaupa vilja bindingu á mótí losun, kemur við heildar kolefnisbókhald landsins. Þess vegna er nauðsynlegt að hið opinbera sé með á nótunum alveg frá byrjun.

Ef við flýtum okkur af öryggi og með forsjá, mun okkur vel farnast.



Kvistabær 12. október 2021
Ársfundur Kolviðar







Kvistabær - Skógarmiðstöð

Framundan er:

Faglega unninn rammi um atvinnugreinina skógrækt

Auka framleiðslu skógarplantna í takti við eftirspurn

Viðurkenndar úttektar- og vottunarstöðvar, sem taka út öll skógræktarsvæði

Samræma samninga við fyrirtæki og félög um kaup á skógarplöntum og leigu skógræktarlands, um sölu á vottaðri kolefnisbindingu á móti kolefnislosun frá eigin rekstri.

Mat á kolefnisbindingu fyrirtækja á móti kolefnisgjaldi